

Skólaping Setbergsskóla 2012

5. mars 2012 kl. 8:10-10:00

Yndislestur og læsi í Setbergsskóla

María Pálmadóttir skólastjóri setti Skólaping Setbergsskóla 2012 og bauð gesti velkomna. Til fundarins voru boðaðir kennarar, foreldrar og elstu nemendur skólans. Fundarstjóri var kosinn Pálmar Sigurðsson, formaður foreldrafélagsins og fundarritari Mjöll Flosadóttir fulltrúi foreldra í skólaráði.

Gengið var til dagskrár sem var eftirfarandi;

1. Hvað segir Skólapúlsinn, María Pálmadóttir skólastjóri.
2. Hvað er verið að gera í skólanum, Hrönn Bergþórsdóttir aðstoðarskólastjóri og Margrét Ólöf Jónsdóttir umsjónarkennari.
3. Lestrahestamennska, Brynhildur Þórarinsdóttir rithöfundur og dósent við Kennaradeild Háskólans á Akureyri.
4. Hópavinna
5. Samantekt

1. Hvað segir Skólapúlsinn

María Pálmadóttir skólastjóri fór yfir niðurstöður Skólapúlsins, en Setbergsskóli er eini skólinn í Hafnarfirði sem tók þátt í Skólapúlsinum. Meðal þess sem hún fór yfir var;

- Ánægja af lestri, en þar er Setbergsskóli fyrir ofan meðaltalið, en vilji er fyrir að sjá þessar tölur hærri.
- Áhugi á lestri er mismunandi eftir bekkjum, en mesti áhugi er í 6. bekk en minnst í 9. bekk. Ef horft er á áhuga út frá kynjum þá hafa stúlkur meiri áhuga á að lesa en drengir bæði yfir landið allt sem og í Setbergsskóla.
- Ánægja af lestri bætir félagslega og námslega stöðu nemenda
- 60% lesa sér til ánægju
- 38% hafa lestur sem eitt af áhugamálum sínum
- 33% nemenda ræða um lestur við aðra
- 80% nemenda eru með góða lestrahæfni
- 72% nemenda eru ánægð með að fá bók að gjöf.

2. Hvað er verið að gera í skólanum

Hrönn Bergþórsdóttir aðstoðarskólastjóri og Margrét Ólöf Jónsdóttir umsjónarkennari fóru yfir það hvað Setbergsskóli er að gera í lestri. Skólinn er forystuskóli í læsi og námsvitund. Það sem er verið að gera er m.a.;

- Yndislestur
 - o Nemendur hvattir til að vera alltaf með bók til lestrar
 - o Fastur liður 10-15 mín pr. dag í öllum bekkjum
 - o Vikulegir yndislestratímar
 - o Lesið fyrir nemendur í nestistímum
- Lestrasprettir nóv. – feb., 3 hópar
 - o Nóvember – mánuður læsis
 - o ½ mánuður fyrir hvern bekk
 - o Telja mínútur, blaðsíður, bækur
 - o Afrakstur sýndur myndrænt
- Lestrarvinir í 1.-8. bekk
 - o Hittast reglulega
 - o Ólíkur aldur t.d. 4. og 8. bekkur, lestrarvinabekkir
 - o Gera ýmislegt saman t.d. í frímínútum
- PALS = **PÖR AÐ LÆRA SAMAN**
 - o Lestarpjálfunaraðferð þar sem pör lesa saman eftir ákveðinni aðferð 35-45 mín í senn þrisvar sinnum í viku
 - o Paralestur, þar sem er Lesari 1 og Lesari 2, fyrst byrjar Lesari 1 að lesa texta og Lesari 2 er þá eins og þjálfari sem gefur stig fyrir lesturinn, síðan er skipt um hlutverk.
 - o Endursögn
 - o Lesa og draga saman efnisgrein í 10 orð
 - o Forspá – hvað gerist næst
- Hraðlestranámskeið fyrir 9 bekk
 - o Hefur tekist vel til (3 vikur, 3 tímar í senn)
- Nóvember – mánuður læsis
 - o Litla (4. bekkur) og stóra (7. bekkur) upplestrakeppnin og fleira

3. Lestrarhestamennska

Brynhildur Þórarinsdóttir rithöfundur og dósent við Kennaradeild Háskólans á Akureyri flutti fróðlegt erindi um þar sem m.a. eftirfarandi kom fram;

- Íslensk börn lesa ekki nóg
- Strákar lesa minna en stelpur
- Skýr tengsl eru á milli áhuga á bóklestri og lesskilnings
- Ánægja af lestri hefur forspágildi um námsárangur

- Þeim hefur fjölgað sem lesa ekkert, úr 11% árið 1968, í 33% 2003 og 28% 2009
- Þeim hefur fækkað sem lesa mjög mikið úr 10% 1968, í 3% 2003 í 4% 2009
- Ungir lestrahestar hafa alist upp við bóklestur og að lesið sé í kringum þau
- Lestrahvetjandi uppeldi, þar sem foreldrar lesa bækur, lesið er upphátt fyrir börnin, ferðir á bókasöfn og í bókabúðir, bækur sýnilegar á heimilinu
- Menntun foreldra skiptir máli, meiri menntun þýðir meiri lestur
- Menntun móður skiptir meira máli en menntun föður
- Latur lesandi virðist frekar reykja og drekka
- Árangur næst með þjálfun líkt og í íþróttum
- Yndislestur er undirstaða lesskilnings
- Hlutverk fullorðna fólksins er að temja litla lestrahesta út frá
 - o Þekkingu
 - Þekkja sögu barnabóka
 - Vinsælir höfundar
 - Vita hvað er að koma út
 - Þekkja reynsluheim og áhugasvið barnanna
 - o Færni
 - Getur tekið þátt í umræðu um það sem börnin eru að lesa
 - Getur notað þekkingu sína á barnabókum til að skapa eftirvæntingu
 - Getur skapað jákvætt og uppbyggjandi lestrarumhverfi
 - o Skilningi
 - Hefur skilning á mikilvægi barnabóka fyrir nám, þ.e. fyrir lestrarfærni, málskilning, orðaforða og almenna þekkingu
 - Hefur skilning á mikilvægi barnabóka fyrir þroska barna, þ.e. sjálfsmynd, skilning þeirra á samfélaginu og samskiptum
 - Hefur skilning á félagslegu mikilvægi barnabóka, þ.e. „hinum sameiginlega reynsluheimi“
- Virkja þarf þrenninguna „heimili-skóli-bókasöfn“ til samstarfs
- Sýnilegar fyrirmyndir

Að loknum fróðlegum erindum var farið í hópavinnu, búið var að skipta þáttakendum upp í hópa, sem og var búið að skipa hópstjóra sem stýrðu vinnunni í hópum og ritara sem tók saman helstu atriði. Vegna tímaskorts vannst ekki tími til að fara yfir niðurstöður hópavinnu á þinginu sjálfu en Hrönn Bergþórsdóttir aðstoðarskólastjóri og Margrét Ólöf Jónsdóttir umsjónarkennari og formaður læsisteymis tóku að sér að vinna úr niðurstöðum hópavinnunnar og verður það kynnt á næsta fundi skólaráðs og síðan kynnt kennurum og foreldrum og verða niðurstöðurnar aðgengilegar á heimasíðu skólans.

María Pálmadóttir þakkaði fundarstjóra og fundarritari fyrir störf sín á þinginu og fundarmönnum fyrir góða fundarsetu. Skólaþinginu var slitið um kl. 10:00.

Ritari Mjöll Flosadóttir